



FRÍSTUNDABYGGÐ Í DAGVERÐARDAL

Nýtt deiliskipulag í Skutulsfirði í Ísafjarðarbæ

Greinargerð

Maí 2024



FRÍSTUNDABYGGÐ Í DAGVERÐARDAL


Nýtt deiliskipulag í Skutulsfirði í Ísafjarðarbæ

Greinargerð

Maí 2024

Nýtt deiliskipulag er unnið skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021

Ferli skipulagstillögu



Ísafjarðarbær

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 41. gr. skipulagлага nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann _____.

SKIPULAGSFERLI

Lýsing deiliskipulags var auglýst frá 14.11.2023 með athugasemdarfresti til 8.12.2023.

Tillaga að deiliskipulagi var auglýst frá _____ með athugasemdarfresti til _____

Deiliskipulagið var staðfest með auglýsingu í B-deild Stjónartíðinda _____

Greinargerð þessari fylgir uppdráttur dags. 23.05.2024.

- 1. Breytingar voru gerðar á greinargerð og uppdrætti m.t.t. umsagna sem bárust eftir auglýsingu lýsingar á deiliskipulagstillögu.*
- 2. Breytingar voru gerðar á greinargerð og uppdrætti m.t.t. umsagna sem bárust eftir kynningu deiliskipulagstillögu.*

EFNISYFIRLIT

| | |
|---|----|
| 1. Inngangur | 4 |
| 1.1 Skipulagsgögn | 4 |
| 2. forsendur | 5 |
| 2.1 Staðhættir | 5 |
| 2.2 Gróðurfur | 7 |
| 2.3 Veðurfur | 8 |
| 2.4 Núverandi nýting | 8 |
| 2.5 Aðkoma og vegir | 8 |
| 2.6 Veitur og lagnir | 8 |
| 2.7 Forn- og náttúruminjar | 9 |
| 2.8 Náttúruvá | 9 |
| 3. Tengsl við aðrar áætlanir | 10 |
| 3.1 Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020 | 10 |
| 3.2 Deiliskipulag | 11 |
| 4. Deiliskipulag | 11 |
| 4.1 Markmið | 11 |
| 4.2 Áherslur | 11 |
| 4.3 Skipting svæðis | 13 |
| 4.4 Frístundahús til útleigu og þjónustuhús | 14 |
| 5. Skipulagsskilmálar | 16 |
| 5.1 Lóðir, lóðamörk og stærðir | 16 |
| 5.2 Lóð fyrir spennistöð | 16 |
| 5.3 Byggingareitir | 16 |
| 5.4 Húsagerðir | 16 |
| 5.5 Skjólveggir og sólpallar | 18 |
| 5.6 Vegir og göngustígar | 18 |
| 5.7 Bílastæði | 19 |
| 5.8 Sorp | 19 |
| 5.9 Umhverfi og gróður | 19 |

| | | |
|------|--|----|
| 5.10 | Leiksvæði | 20 |
| 5.11 | Lagnir og veitur..... | 20 |
| 6. | Umhverfisskýrsla | 21 |
| 6.1 | Núllkostur..... | 21 |
| 6.2 | Áhrif á landslag og ásýnd | 21 |
| 6.3 | Áhrif á vistgerðir og gróður | 21 |
| 6.4 | Áhrif á útivist..... | 22 |
| 6.5 | Áhrif á samfélag | 22 |
| 7. | kynning og samráð við gerð deiliskipulags..... | 22 |
| 7.1 | Samráð og samráðsaðilar | 22 |

1. INNGANGUR

Hér er lagt fram nýtt deiliskipulag sem tekur til reits í Dagverðardal í Skutulsfirði, Ísafjarðarbæ. Skipulagið sem gert er að ósk Fjallabóls ehf. og Ísafjarðarbæjar gerir ráð fyrir frístundabyggð með þjónustusvæði. Samhliða er gerð breyting á gildandi aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 þar sem viðkomandi reit er breytt úr íbúðarsvæði í frístundabyggð með þjónustusvæði.

Á landinu verður byggður upp vistvænn sælureitur með tengingu við þá náttúru, menningu og afþreyingu sem svæðið hefur upp á að bjóða. Áætlað er að byggja 39 frístundahús ýmist til útleigu eða sölu. Gert er ráð fyrir þjónustuhúsi miðjavega svæðisins syðst í byggðinni. Sjálfbærni verður höfð að leiðarljósi ásamt umhverfisláttum lausnum, hvað varðar hönnun, efni, endingu og upphitun húsa og rask á náttúrunni.

Í greinargerðinni er greint frá markmiðum og forsendum deiliskipulagsins, tengsl við aðrar áætlanir, deiliskipulagið sjálft með skilmálum, umhverfisskýrslu og hvernig kynningu og samráði var háttað.

1.1 Skipulagsgögn

Nýtt deiliskipulag samanstendur af eftirfarandi gögnum:

- Greinargerð dagsett í maí 2024
- Skipulagsuppdráttur dagsettur í 23.05.2024

2. FORSENDUR

2.1 Staðhættir

Deiliskipulagssvæðið er á landi í eigu Ísafjarðarbæjar og þekur 8,2 ha. Svæðið liggur við rætur Hnífafjalls (mynd 1. og 2.) sem skilur að Dagverðardal og Tungudal í Skutulsfirði. Norðan við svæðið liggur Vesturlandsvegur. Sunnan við svæðið er grjótnáma sem hefur teygt sig út fyrir skilgreindan efnistökusvæðisreit og austan við svæðið hefur Vegagerðin aðsetur.




Mynd 1. Staðsetning deiliskipulagssvæðisins

Svæðið sýnt á gildandi aðalskipulagi



Mynd 2. Staðið í austurenda svæðis og horft yfir það í átt að Breiðardalsheiði

Austasti hluti svæðisins er um 500 m frá íbúðarsvæðinu Holtahverfi, um 1 km frá fjarðarbotninum, 4,5 km frá miðbæ Ísafjarðar og 2,5 km frá flugvöllinum. Miklir útivistarmöguleikar eru allt um kring m.a. golfvöllur og skíðasvæði (sjá mynd 3).



Mynd 3. Staðsetning skipulagssvæðisins ásamt skíðasvæði og golfvelli (grófur uppdráttur)

Útsýnið frá svæðinu er fjölbreytt. Í NA er útsýni út fjörðinn og yfir bæinn, í SSV er útsýni inn í og upp Dagverðardal, í A og SSA stendur snarrest Kirkjubólshjallið og í framhaldi Básafjall og þegar staðið er nyrst á svæðinu á rana Hnífafjalls er einnig útsýni yfir Tungudal, niður á golfvöll og eilítið í átt að skíðasvæðinu (mynd 4).



Mynd 4. Útsýni frá skipulagssvæðinu

Í dalnum eru nú þegar nokkur sumarhús, A-bústaður sem skátarnir nota og nefnist Dagverðardalur og sumarhúsin Dagverðardalur 1, 2, 3, 4, 5, 6, 11 og 16, öll með aðkomu frá Vestfjarðarvegi inn á Breiðardalsveg.

2.2 Gróðurfar

Náttúrulegur gróður er á svæðinu sem er að mestu mó- og graslendi. Þó nokkur partur er holt með grjóti og melum. Norðan svæðisins er trjágróður sem plantaður var af skógræktarfélaginu og er nú Síðuskógur, hann er að ná sér vel upp. Af gróðri er aðallega íslenskt birki, fura, víðir (mynd 5) og eitthvað greni. Einnig er lúpína (mynd 6) að ryðja sér rúms í átt að svæðinu ásamt skógarkerfli.



Mynd 5. Partur af Síðuskógi norðan skipulagssvæðisins




Mynd 6. Partur af Síðuskógi norðan skipulagssvæðisins

2.7 Forn- og náttúruminjar

Samkvæmt fornleifaskráningu Ragnars Edvardsson, dagsett 10.01.2023 fundust engar fornminjar á svæðinu. Svæðið er ekki á náttúruminjaskrá.

2.8 Náttúruvá

Í gildandi aðalskipulagi, þéttbýlisuppdrætti sést að Dagverðardalur er nánast utan A snjóflóðalínu s.s. svæði með minnstri hættu á ofanflóðum. Einnig vann Magni H. Jónsson frá Veðurstofu Íslands staðbundið hættumat á ofanflóðum á svæðinu. Samkvæmt úttekt hans er lóðin öll utan skilgreinds hættusvæðis nema lóð G sem tiplar í svæði A, því stenst skipulagið ofanflóðahættumat (mynd 8).



Mynd 8. Kort frá Veðurstofu Ísland þar sem svæði ofanflóðaáheytu er skilgreint

3. TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

3.1 Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar 2008-2020

Samhliða deiliskipulaginu er gerð breyting á gildandi aðalskipulagi þar sem íbúðarsvæði er breytt í frístundabyggð með heimild fyrir útleigu frístundahúsa og þjónustuhúsi. Lýsing í aðalskipulagi verður eftirfarandi fyrir F21 hinn nýja frístundahúsareit.

| | |
|--|---|
| <p>Svæði F12, F15, F16, F17 og F18 - Dagverðardalur, Skutulsfirði, eldri frístundahús. Aðliggjandi er íbúðarsvæði, opið svæði til sérstakra nota og landbúnaðarsvæði. Samtals 7 hús í dag. Eingöngu er svigrúm fyrir 2 ný hús á svæði F16 og 2 ný hús á svæði F17.</p> <p>F14 - Dagverðardalur, Skutulsfirði / 0,9 ha. Fyrirhuguð frístundabyggð. Ekkert hús í dag. Allt að 10 ný hús.</p> <p>F21 - Dagverðardalur, Ísafirði / 8,2 ha. Allt að 45 ný frístundahús og þjónustuhús</p> | <p>Ákvæði Öll uppbygging frístundahúsa skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild, þ.e. lítt spillta náttúru, líffræðilega fjölbreytni, landslagsheildir og menningarsögu.</p> <p>Uppbygging frístundahúsa skal hvorki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, né aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum göngu- og reiðleiðum.</p> <p>Sé jörð að hluta til á hverfisverndarsvæði og sumarhús byggð innan þess svæðis gilda ákvæði hverfisverndar þar. Að öðrum kosti gilda ákvæðin að ofan. Landamerki liggja ekki fyrir en ber að skoða í deiliskipulagi.</p> <p>Á F21 má 60% svæðis (skal afmarka á deiliskipulagi) hafa bústaði í flokki II: gististaðir án veitinga og í tegund (h). Frístundahús: hús utan þéttbýlis sem er nýtt til tímabundinnar dvalar. Orlofshús félaga- samtaka, svo sem stéttarféлага og starfsgreinaféлага, eru undanskilin (skv. reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald). Innan sama hluta svæðis er heimilt að reka þjónustuhús með veitingarekstri í flokki II með veitingarstarfsemi í flokki c. Veitingastofa og greiðasala. Afgangur svæðis skal hafa orlofshús í einkaeigu. Skilmálar fyrir frístundabyggð skulu settir í deiliskipulag. Þar skal kveðið á um stærð og gerð húsa, fjölda gistirúma í útleiguhúsum, efnisnotkun og útlit húsa, vegakerfi, bílastæði og veitur. Leikvöllur/almenningsrými skal vera á svæðinu. Góðar tengingar skulu vera fyrir gangandi innan svæðis og út í umlykjandi náttúru ásamt greiðum aðgengi til og frá leikvelli og þjónustuhúsi. Skýrt skal vera s.s. með skiltum að gangandi vegfarendur eru í forgangi á svæðinu og börn að leik.</p> <p>Yfirbragð svæðis skal vera sem náttúrulegast. Hús skulu falla að landslagi og inn í náttúruna eins og kostur er til að draga úr sýnileika. Efnisval skal taka mið af jarðlitum. Eigi skal planta trjám sem munu skerða útsýni frá dvalarrýmum húsanna, einungis er gert ráð fyrir kjarri og runnagróðri. Óheimilt er að grisja skóglendi á lóðum umfram það sem nauðsynlegt er vegna eðlilegra nota af lóðinni. Halda skal raski á náttúru í algjöru lágmarki og leggja til hliðar gróðurþekju og endursetja þegar hægt er. Nota skal lágstemmda lýsingu á svæðinu til að forðast ljósmengun</p> |
|--|---|

Í aðalskipulaginu er reynt að marka skýrar og gegnsæjar reglur um uppbyggingu frístundahúsa í sveitarfélaginu. Jafnframt er lögð áhersla á að notkun húsanna verði í samræmi við skilgreinda notkun í aðalskipulaginu.

Stefna um frístundahús (s. 89):

- *boðið verði upp á fjölbreytt svæði fyrir frístundabyggð á afmörkuðum svæðum í dreifbýli*
- *öll uppbygging frístundahúsa skal miða að því að skerða ekki sérstöðu svæðisins og ásýnd þess í heild, þ.e. lítt spillta náttúru, líffræðilega fjölbreytni, landslagsheildir og menningarögu*
- *uppbygging frístundahúsa skal ekki skerða góð landbúnaðarsvæði, t.d. ræktarland, aðgengi að útivistarsvæðum eða loka gömlum göngu- og reiðleiðum*

Leitast skal við að samnýta nauðsynlega innviði eftir því sem kostur er, s.s. veitur, bílastæði, heimreiðar, stíga, útivistarsvæði og fleira þess háttar. Stærðir og útlit frístundahúsa skulu taka mið af umhverfi, þ.e. náttúrulegu landslagi og menningarlandslagi.

Markmið um byggð (s. 56):

- *áhersla verði lögð á fjölbreytta búsetumöguleika og aðlaðandi umhverfi í góðum tengslum við náttúru, sögulegt umhverfi og önnur sérkenni.*
- *skapað verði umhverfi sem styrkir efnahagslegan og samfélagslegan grunn, m.a. með varðveislu menningarverðmæta.*
- *boðið verði upp á fjölbreytt sumarhúsavæði án þess að skerða sérstöðu og ásýnd svæðisins og í sátt við aðra landnotkun.*

3.2 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið en það hefur verið frátekið fyrir íbúðarbyggð frá árinu 2008, þegar núgildandi aðalskipulag öðlaðist gildi. Ekkert deiliskipulag er til á svæðinu eða í nánasta umhverfi.

4. DEILISKIPULAG

4.1 Markmið

Markmiðið er að byggja upp vistvænt samfélag á fyrrnefndu svæði í Dagverðardal með eftirfarandi tilgang:

- Að koma til móts við eftirspurn ferðamanna á gistimöguleikum
- Auka framboð og breidd gistimöguleika með útleigu húsa til ferðamanna og langtímaleigu til stéttarféлага/félagasamtaka
- Bjóða upp á frístundalóðir fyrir einkaaðila

4.2 Áherslur

Við gerð skipulagsins voru eftirfarandi atriði höfð að leiðarljósi:

- Vistvæn byggð: endingargóðar lausnir í hönnun með umhverfisvænum efnivið og vönduðum frágangi, orkusparandi lausnir í upphitun húsa t.a.m. jarðvarmadælu, lágmörkun í raski náttúrunnar, notkun og endurnýting staðgróðurs, kjarr og runnagróður sem minnkar ágang veðurs á húsin.
- Earth Check: Viðmið úr stefnu Ísafjarðarbæjar í umhverfismálum með markmiðið að hús eða byggðin í heild verði vottað umhverfisvænt.

Hér að neðan eru fjórar stemningsmyndir af svæðinu og möguleg útfærsla á frístundahúsum á mismunandi tíma dags og frá ólíkum áttum (mynd 9-12).



Mynd 9. Stemningsmynd af svæði um dag, horft í NA út af fjörðinn



Mynd 10. Stemningsmynd seinni part dags, horft í A-VA inn Dagverðardal



Mynd 11. Stemningsmynd í ljósaskiptum, horft til vesturs að Hnífafjalli




Mynd 12. (4 myndir) Stemningsmynd af svæði og mögulegri útfærslu á hönnun frístundahúsa

4.3 Skipting svæðis

Svæðinu er skipt í tvennt. Sextán lóðir eru innan gulu markanna og munu verða til sölu á almennum markaði. Tuttugu og þrjár lóðir eru innan appelsínugula svæðisins og verða þær til útleigu með að meðaltali 6 gistirými á lóð (138 gistirými). Dökk

appelsínuguli liturinn er lóð þjónustureitsins en hann fylgir appelsínugula svæðinu. Græni liturinn táknar leikvöll eða opið almenningssvæði (mynd 13).



Mynd 13. Skipting svæðis

4.4 Frístundahús til útleigu og þjónustuhús

Á appelsínugula svæðinu má byggja frístundahús sem leyfi er til að nota sem gististaði. Sú gististarfsemi sem verður starfrækt þar tilheyrir flokki 2 skv. 3.gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, Flokkur II: gisting án veitinga². Samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er tegund gististaðanna (*h*). Frístundahús: hús utan þéttbýlis sem er nýtt til tímabundinnar dvalar. Orlofshús félagasamtaka, svo sem stéttarféлага og starfsgreinaféлага, eru undanskilin³.

² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2007085.html>

³ <https://island.is/reglugerdir/nr/1277-2016>

Í þjónustuhúsi sem tilheyrir appelsínugula svæðinu en er dökk appelsínugult verður starfrækt þjónusta sem flokkast skv. 4.gr. laga ofangr. laga sem veitingarekstur í flokki 2: Umfangslitlir áfengisveitingarstaðir þar sem starfsemin er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu, svo sem með háværrri tónlist, og staðir sem kalla ekki á mikið eftirlit og/eða löggæslu⁴. Í 18.gr. reglugerðarinnar er tegund veitingastaðar í þjónustuhúsi í flokki (C.) Veitingastofa og greiðasala: Veitingastaðir með fábreyttar veitingar í mat og/eða drykk. Á slíkum stöðum er takmarkaðri þjónusta og/eða gestir afgreiða sig sjálfir að hluta eða öllu leyti. Hér undir falla t.d. skyndibitastaðir og einnig söluskálar með aðstöðu til neyslu veitinga⁵.

Á efri hæð þjónustuhúss er gert ráð fyrir veitingastofu. Á neðri hæð þess verður starfsmannaaðstaða þ.e. kaffistofa og salerni en einnig stoðrymi fyrir gistipjónustuna. Þar má nefna rými fyrir þvott og þrif á útleiguingum. Einnig mögulega sturtuáðstaða til að þjónusta heita potta sem staðsettir verða við þjónustuhús (mynd 14).



Mynd 14. Stemningsmynd af mögulegri útfærslu og hönnun þjónustuhúss

⁴ <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2007085.html>

⁵ <https://island.is/reglugerdir/nr/1277-2016>

5. SKIPULAGSSKILMÁLAR

Með skilmálum þessum er verið að stuðla að samræmdu yfirbragði svo ekki verði ómarkviss uppbygging mannvirkja og jarðvegsframkvæmda.

Vanda skal frágang í kringum allar byggingar á svæðinu. Leggja skal áherslu á gott aðgengi og samræmi í heildarásýnd skipulagssvæðisins.

Fara skal eftir ákvæðum byggingarreglugerð nr. 112/2012 í einu og öllu.

5.1 Lóðir, lóðamörk og stærðir

Lóðamörk eru sýnd á skipulagsuppdrætti. Lóðir eru alls 41 talsins, ein lóð sem hýsir þjónustuhús, 39 lóðir fyrir frístundahús og lóð fyrir spennistöð. Stærð frístundalóða er frá 1365 m² upp í 2039 m². Lóðarstærð þjónustuhúss er 3072 m². Sjá frekari skiptingu í kafla 4.3 *Skipting lóða*. Þær eru númeraðar frá 01 og upp í 41. Á hverri lóð er heimilt að reisa einn frístundabústað innan byggingarreits í samræmi við skipulag. Auk þess er leyfilegt að byggja stakstæða geymslu allt að 10 m².

Nokkur lóðablöð verða gerð fyrir svæðið. Lóðarblað er bæði mæli- og hæðarblað.

5.2 Lóð fyrir spennistöð

Lóð er á svæðinu fyrir dreifistöð rafmagns og sjá má á skipulagsuppdrætti. Lóðin er 56 m² að stærð. Bygging skal vera innan lóðarmarka og eigi stærri en nauðsyn krefur. Heimilt er að byggja þar eina spennistöð. Hámarkshæð stöðvar er 2,5 m. Hönnun spennistöðvar skal lúta sömu skilmálum og aðrar byggingar svæðis, hún skal falla eins vel að landslagi og umhverfi og hægt er, vera skjólmyndandi og skyggja ekki fyrir dýrmætt útsýni bústaða svæðisins. Passa þarf því staðsetningu og snúning út frá sjónlínunum. Vanda skal allan frágang.

5.3 Byggingareitir


Byggingareitir frístundahúsa eru 39 talsins með tveim húsagerðum. Gert er ráð fyrir þjónustuhúsi innan byggingarreits á lóð 40. Byggingareitir eru sýndir á uppdrætti og lóðarblaði. Lágmarksfjarlægð frá lóðarmörkum eru 10 og skulu byggingar vera staðsettar innan byggingarreita. Lágmarksfjarlægð á milli byggingarreita eru 20 m. Lóðarmörk spennistöðvar eru jafnframt byggingareitur hennar.

5.4 Húsagerðir

Húsin skulu falla eins vel að landslaginu og kostur er. Efnisval skal taka mið af jarðlitum sem falla vel að landslagi og umhverfi til að draga úr sýnilegum áhrifum í landslaginu. Hönnun skal vera þannig að staðsetning eða útlit bygginga stingi ekki í stúf við heildarásýnd staðarins.

Húsin skulu vera hönnuð, staðsett og snúið með tilliti til útsýnis í norðaustur átt út Skutulsfjörðinn. Þau skulu byggð á stólpum þar sem mögulegt er. Þó nokkur halli er sumsstaðar á svæðinu og mun hönnun með stólpum lágmarka rask á náttúrunni. Þar má sjá að á milli húsa sem standa efst er gjarnan 15 m fjarlægð á milli í falli. Ekki er heimilt að setja uppfyllingu undir til að lyfta því upp. Í öllum útleiguhúsunum verður gert ráð fyrir sturtuaðstöðu, salerni og eldhúsi en stærðir miðast við stærð hússins.

Á mynd 15 má sjá sniðið A-A af svæðinu, sem merkt er inn á deiliskipulagsuppdráttinn.



Mynd 15. Stemningsmynd af mögulegri útfærslu og hönnun þjónustuhúss

Í deiliskipulaginu eru þrenns konar húsagerðir, Þ1, F1 og F2 sem eru skilgreindar hér að neðan. Á uppdrættinum eru þau skráð með fermetratölunum 120 eða 150 og 870 sem er þjónustuhúsið.

Þ1 Þjónustuhús

- Tveggja hæða
- Hámarksbyggingarmagn 870 m²
- Vegg- og þakhæð skal ekki fara yfir 8 m
- Þakform er frjálst
- Mænisstefna á uppdrætti er leiðbeinandi en ekki bindandi

F1 - stakt frístundahús

- Eins hæða
- Hámarksbyggingarmagn 150 m²
- Hámarkshæð veggja og þaks eru 6,0 metrar, miða skal við jarðhæð á aðkomuhlið
- Þakform er frjálst
- Mænisstefna á uppdrætti er leiðbeinandi en ekki bindandi

F2 - stakt frístundahús

- Eins hæða
- Hámarksbyggingarmagn 120 m²
- Hámarkshæð veggja og þaks eru 6,0 metrar, miða skal við jarðhæð á aðkomuhlið
- Þakform er frjálst
- Mænisstefna á uppdrætti er leiðbeinandi en ekki bindandi

5.5 Skjólveggir og sólpallar

Skjólveggir skulu hannaðir og teiknaðir um leið og húsið svo fulls samræmis sé gætt í formi, efni og lit. Hönnun skjólveggja með uppbroti í lit og efni og samspil þeirra við gróður og landslag eru mikilvægir þættir fyrir heildarútlit hússins og heildarásýnd byggðarinnar. Skjólveggir skulu eigi vera hærri en 1,5 m yfir palli eða því svæði sem þeim er ætlað að skýla og skulu vera innan byggingareits. Gera skal skil á skjólveggjum á aðaluppdráttum.

Sólpallar skulu vera innan byggingareits. Stærð þeirra skal vera í hæfilegu hlutfalli við stærð húss og falla vel að landslaginu í kring. Gera skal skil á sólpöllum á aðaluppdráttum.

Samkvæmt byggingarreglugerð, þar sem frístundahús eru til útleigu í atvinnuskyni eða á vegum félagasamtaka, s.s stéttarfélaga, skal a.m.k. eitt frístundahús af hverjum 10 sem eru í eigu sama aðila, þó aldrei færri en eitt, vera hannað á grundvelli algildrar hönnunar og uppfylla gr. 6.11.1 um frístundahús⁶. Til að halda náttúrulegri heildarásýnd á svæðinu verður ekki heimilt að girða af hverja lóð fyrir sig

5.6 Vegir og göngustígar

Vegir innan skipulagssvæðisins skulu vera 4 m á breidd með einni akrein. Útskot skulu staðsett þannig að bílar geti mæst. Möguleiki er á að hafa einstefnu akstur þegar svæðið er fullbyggt til að draga úr ökuhraða og bílaumferð innan svæðis.

Breiðardalsvegur sem liggur með skipulagssvæðinu er gamall aflagður þjóðvegur en er nú skv. 9. gr. Vegalaga nr. 80/2007 í flokki sveitarfélagsvega. Af þeim vegi eru þrír afleggjarar þar sem hægt verður að beygja inn á svæðið. Einnig verða tvær innkeyrslur beint inn á lóðir frá veginum, þetta eru lóðir nr. 35 og nr. 40.

Sveitarfélagsvegir sem ekki teljast þjóðvegir skv. 9. gr. Vegalaga, eru í umsjá sveitarfélaga og ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar. Ísafjarðarbær er því veghaldari í þessu tilfalli og skv. 32. gr. sömu laga hefur fengist leyfi til að staðsetja húsinn innan skipulagssvæðisins allt að 15 m frá miðlínu vegarins.

⁶ Byggingarreglugerð gr. 6.11.1. Frístundahús

Vegir verða jafnframt göngustígar og því 15 km/klst hraðatakörkun innan svæðisins. Á uppdrætti eru gönguleiðir afmarkaðar í vegstæði með dökkgráum lit (mynd 16).



Mynd 15. Göngustígakerfi innan frístundabyggðar.

5.7 Bílastæði

Við hvert frístundahús er gert ráð fyrir 1-2 bílastæðum, staðsetning á uppdrætti er ekki bindandi. Við þjónustuhús eru áætluð þrjú bílastæði á hverja byggða 100 m². Fjöldi stæða fyrir fólksbíla skal vera í hlutfalli við stærð byggingar.

5.8 Sorp

Gert er ráð fyrir flokkun á sorpi af svæðinu og verða grenndargámar staðsettir á plani við þjónustuhús á þar til skilgreindu grenndargámasvæði merkt G1.

5.9 Umhverfi og gróður

Trjáplöntum skal haglega komið fyrir svo þær skapi skjól og móti rými hvers húss. Varast skal að planta trjám sem mun skerða útsýni frá dvalarrýmum húsanna. Yfirbragð skal vera sem náttúrulegast og skal einungis gert ráð fyrir kjarri og runnagróðri. Óheimilt er að grisja skóglendi á lóðinni umfram það sem nauðsynlegt er vegna eðlilegra nota af lóðinni. Mikil áhersla skal lögð á að halda jarðraski sem

minnstu á svæðinu við framkvæmdir og sporna skal við því að alaskalúpína berist í jarðraskið sem verður.

Hafa skal lágstemmda lýsingu á svæðinu sem veldur ekki óþarfa ljósmengun né óþægindum fyrir eigendur og gesti byggðarinnar og truflar síður dýr og gróður.

Samkvæmt 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal stöðva framkvæmd án tafar ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

5.10 Leiksvæði

Gert er ráð fyrir einu leiksvæði á skipulagsvæðinu. Það er á opnu almenningssvæði ekki ýkja langt frá þjónustuhúsinu. Leiksvæði er táknað með grænum lit á uppdrætti og er u.þ.b. miðjavega svæðisins. Góðar tengingar eru milli hluta frístunda-byggðarinnar þar sem staðsetning leiksvæðisins er í aðalhlutverki því þangað liggja stígar úr fjórum áttum (mynd 15). Leiktæki og aðbúnaður skulu fylgja reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.

5.11 Lagnir og veitur

Kvaðir eru um lagningu neysluvatns, fráveitu, hitaveitu og rafveitu innan svæðisins. Gert er ráð fyrir að stofnlagnir innan svæðisins verði meðfram vegum og stígum. Kvaðir vegna einstakra lóða koma fram í viðkomandi lóðarsamningi. Eigandi lóða mun þinglýsa lagnaleiðum veitna áður en einstakar lóðir eru afhentar þriðja aðila.

Stofnlagnir munu tengjast inn á lagnakerfi Ísafjarðarbæjar við austurmörk skipulagsvæðisins. Neysluvatn fyrir svæðið er afhent samkvæmt samningi við Vatnsveitu Ísafjarðar.

Frárennsli frá svæðinu verður leitt í rotþrær/hreinsistöðar. Gert er ráð fyrir rotþró/hreinsistöð við hvert hús. Hús með sama eignarhaldi geta tengst sameiginlegri hreinsistöð. Staðsetning fráveitukerfis og frárennislagna fyrir hvert hús skal sýnd á byggingarnefndarteikningum þegar þær eru lagðar fyrir. Fráveitukerfið skal staðsett þannig að hreinsibíll eigi að því greiðan aðgang.

6. UMHVERFISSKÝRSLA

6.1 Núllkostur

Ef ekkert verður af framkvæmdum á svæðinu mun þróun þess halda áfram eins og hún er í dag. Skógræktarsvæði er norðan svæðisins og mun skógur breiðast hægt og rólega yfir svæðið. Eins og Náttúrustofa Vestfjarða bendir á í umsögn sinni við skipulagslýsingu deiliskipulagsins þá er alaskalúpína í nánast umhverfi við svæðið. Á vef Umhverfisstofnunar⁷ á síðu um ágengar tegundir kemur fram að ef alaskalúpína sleppur inn á gróin svæði t.d. berjalönd, mólendi og lággróður þá leggi hún undir sig svæðið og eyðir þeim gróðri sem fyrir er. Að hún bindi köfnunarefni og auki frjósemi jarðvegsins. Þá hopi íslenskar plöntur sem eru aðlagðar rýrum jarðvegi og í staðinn komi köfnunarefnisfrekar tegundir eins og skógarkerfill, njóli, ætihvönn og graslendi. Þar sem svæðið er að mestu mólendi er líklegt að lúpínan muni færa sig smám saman inn á landið.

6.2 Áhrif á landslag og ásýnd

Uppbygging mun breyta ásýnd svæðis en til að lágmarka það eru skilyrði sett um að þau falli eins vel að landslaginu og kostur er. Efnisval skal taka mið af jarðlitum sem falla vel að landslagi og umhverfi til að draga úr sjónrænum áhrifum í landslaginu. Gert er ráð fyrir lágstemmdri lýsingu á svæðinu til þess að valda ekki óþarfa ljósmengun eða óþægindum fyrir gesti eða eigendur nærliggjandi húsa. Hönnun og staðsetning bygginga er unnin þannig að heildarsvipur verði með byggðinni án þess að hún verði einsleit. Áhersla er lögð á gott útsýni út fjörðinn og að staðsetning bygginga lagi sig að hlíðinni. Skógrækt er norðan við skipulagssvæðið og munu trén dempa ásýnd byggðarinnar austan frá. Einnig mun fjallsnef Hnífafjalls að einhverju leiti hindra sýn yfir svæðið þegar horft er úr norðurátt. Mælt verður með notkun runna og lágreists gróðurs svo sem íslenskt birki, fjalla- eða dvergfura og víðir, eða annað sem ekki birgir sýn fyrir útsýni úr húsunum.

6.3 Áhrif á vistgerðir og gróður

Náttúrulegur gróður er á svæðinu og eru helstu vistgerðirnar mólendi og graslendi, eitthvað er af votlendi vestan megin svæðis. Skógrækt er þétt upp við svæðið og teygir sig inn á nyrðri hluta svæðisins, en með núllkosti (ef ekkert verður gert) þá mun skógurinn breiðast út um svæðið með sjálfáningu. Lögð verður áhersla á að sem minnst jarðrask verði við framkvæmdir. Samkvæmt umsögn Náttúrustofu Vestfjarða er útbreiðsla alaskalúpínu í nánast umhverfi og því verður reynt að sporna við því að hún berist í jarðrask til að koma í veg fyrir að hún vaxi yfir núverandi

⁷ <https://agengartegundir.is/alaskalupina/>

gróður. Til að lágmarka rask á jarðvegi skulu hús vera byggð á stólpum og ekki verður heimilt að setja uppfyllingu undir til að lyfta því upp nema þegar þörf krefur. Óheimilt verður að grísa skóglendi á lóðinni umfram það sem nauðsynlegt er vegna eðlilegra nota af lóðinni.

6.4 Áhrif á útivist

Engin skilgreind útivistarsvæði, göngu- eða reiðleiðir eru á sjálfu skipulagssvæðinu. En byggðin er þannig staðsett að stutt er í margskonar útivist. Skíðasvæði og golfvöllur Ísafjarðar er í næsta nágrenni. Staðsetning svæðisins ætti því að hafa jákvæð áhrif á heilsuefningu notenda frístundasvæðisins.

6.5 Áhrif á samfélag

Skipulag frístundabyggðarinnar með útleigu og sölu húsa og fólk sem heimsækir bæinn leiðir til styrkingar tekjustofna sveitarfélagsins og þar sem eftirspurn eftir afþreyingu og þjónustu er að aukast þá stuðlar það að styrkingu byggðar. Samfélagsáhrif eru því metin jákvæð.

7. KYNNING OG SAMRÁÐ VIÐ GERÐ DEILISKIPULAGS

7.1 Samráð og samráðsaðilar

Við gerð deiliskipulagsins er eftir föngum leitað eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa, umsagnaraðila og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta. Það er gert með virkri samvinnu við íbúa og aðra hagsmunaaðila gegnum allt skipulagsferlið. Upplýsingar um skipulagsferlið og gögn sem varða skipulagsgerðina eru aðgengileg á Skipulagsgátt Skipulagsstofnunar www.skipulagsgatt.is undir máli nr. 861/2023 á vinnslutímanum. Allar auglýsingar og öll gögn munu birtast þar.

Skipulagslýsing var send til Skipulagsstofnunar og annarra umsagnaraðila þann 14. nóvember 2023. Hún var auglýst á BB.is, á facebooksíðu Ísafjarðarbæjar og á heimasíðu Ísafjarðarbæjar, www.isafjordur.is.

Umsagnaraðilar eru skv. skipulagslögum skilgreindir sem opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum. Skipulagslýsingin var send á eftirfarandi aðila til umsagnar:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Skógræktarfélag Ísafjarðar
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Veðurstofa Íslands
- Náttúrustofa Vestfjarða
- Náttúrustofnun Íslands
- Vegagerðin
- Landsnet

Alls bárust 8 umsagnir, tekið var tillit til þeirra og ýmsu breytt áður en tillagan var kynnt.

Auglýsing um **kynningu á vinnslutillögu** var birt á heimasíðu bæjarins þann 06. mars til 13. mars 2024 en opið hús var 12.03.2024. Deiliskipulagstillagan var send umsagnaraðilum í gegnum skipulagsgáttina þar sem öll gögn var að finna. Athugasemdarfrestur var frá 14.03.2024 til og með 05.05.2024. Alls bárust 7 umsagnir, í nokkrum þeirra voru ábendingar en flestar voru án athugasemda. Tillit verður tekið til athugasemda og ábendinga og umsagnaraðilum svarað þar sem á við. Orkubú Vestfjarða minnti á umsögn þeirra við skipulagslýsingunni og því að samráð yrða að eiga sér stað á seinni stigum skipulagsgerðarinnar varðandi staðsetningu dreifikerfisins. Þeir höfðu samband við M11 og báðu um pláss fyrir spennistöð á svæðinu. Komist var að samkomulagi um staðsetningu hennar sem sjá má á uppdrætti. Einnig var texta bætt við í greinargerð undir „Lóð fyrir spennistöð“.

Eftirfarandi tafla sýnir samantekt á umsögnunum sem eru einnig í skjalinu.

| Dags. | Aðili | Umsögn | Viðbrögð skipulagsnefndar |
|------------|----------------------|---|--|
| 26.04.2024 | Umhverfisstofnun | Umhverfisstofnun bendir á að í 2. mgr. 68. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar við gerð deiliskipulags á náttúruverndar-svæðum og á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. Laganna. Umhverfisstofnun telur að svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til sé hvorki á náttúruverndarsvæðum né á svæðum sem njóta sérstakrar verndar. Stofnunin áformar því að veita ekki umsögn varðandi tillöguna. Ef sveitarfélagið hefur athugasemd við afgreiðslu stofnunarinnar er hægt að koma því á framfæri með því að senda erindi á ust@ust.is | Veitti ekki umsögn. |
| 29.04.2024 | Minjastofnun Íslands | Athugasemdir Minjastofnunar Íslands - Samkvæmt fornleifa-skráningu (Ragnar Edvardsson. 2024. Fornleifaskráning í Dagverðardal vegna tilvonandi deiliskipulags. Bolungarvík.) eru engar fornleifar eru á deiliskipulagsreitnum og hefur Minja-stofnun Íslands engar athugasemdir. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva fram-kvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ | Engar athugasemdir. Skilyrði 2.mgr. 24.gr. Laga nr. 80/2012, um að stöðva framkvæmdir ef áður ókunnar fornminjar skyldu finnast, var bætt inn í skipulagsskilmála greinargerð undir Umhverfi og gróður. |

| | | | |
|------------|--------------------------------|---|--|
| 29.04.2024 | Skógræktarfélag Íslands | Skógræktarfélag Ísafjarðar fékk hluta svæðisins úthlutar undir skógrækt fyrir mörgum árum og hefur gróðursett í hluta svæðisins. Skipulagstillagan var tekin fyrir á fundi félagsins og gerir félagið ekki athugasemdir við tillöguna en telur eðlilegt að bætt verði fyrir þau tré sem verða felld vegna framkvæmdanna. Skógræktarfélag Ísafjarðar fagnar uppbyggingu á svæðinu. | Engar athugasemdir. Greitt verður fyrir þau tré sem verða felld vegna framkvæmdanna. |
| 30.04.2024 | Vegagerðin | Vísað er til erindis skipulagssviðs Ísafjarðarbæjar dags. 14.11.2023, þar sem óskað er umsagnar Vegagerðarinnar um ofangreinda tillögu. Vegagerðin hefur yfirfarið tillögu að deiliskipulagi, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í samræmi við hlutverk stofnunarinnar og gerir ekki athugasemd. | Engar athugasemdir |
| 02.05.2024 | Náttúrustofa Vestfjarða | Náttúrustofa Vestfjarða gerir ekki athugasemdir við frístunda-byggð í Dagverðardal. Hins vegar viljum við benda á að á deili-skipulagssvæðinu er óraskað land sem hefur mikið gildi fyrir sumarhúsabyggð. Leggja ætti mikla áherslu á að halda jarðraski í lágmarki við framkvæmdir. Á svæðinu eru mólendi og graslendi sem vert er að halda í sem nánasta umhverfi sumar-húsa. Við bendum einnig á að við teljum mikilvægt er að reyna sporna við því að alaskalúpína berist í jarðrask til að komast hjá því að hún vaxi yfir núverandi gróður. Alaskalúpína er í nánasta umhverfi svæðisins og ef hún nær sér á skrið á svæðinu getur það orðið til þess að fjölbreytileiki gróðurs og vistgerða minnki á svæðinu. | Orðalagi var breytt í greinargerð skipulagsskilmálum undir umhverfi og gróður en þar stendur nú: "Mikil áhersla skal lögð á að halda jarðraski sem minnstu á svæðinu við framkvæmdir og sporna skal við því að alaskalúpína berist í jarðraskið sem verður." |
| 03.05.2024 | Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða | Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur yfirfarið ofangreinda tillögu að Frístundabyggð í Dagverðardal. Ekki eru gerðar athuga-semdir við ofangreinda tillögu. | Engar athugasemdir |
| 03.05.2024 | Náttúrufræðistofnun Íslands | Náttúrufræðistofnun veitti umsögn, dags. 5. desember 2023, um skipulagslýsingu sama máls. Þar sem líklegt er að mestu neikvæðu áhrifin af framkvæmdinni verði á landslag og ásýnd þá ítrekaði stofnunin það sem fram kom í greinargerðinni um að allt rask verði lágmarkað og að hönnun húsa taki mið af því að falla sem best inn í umhverfið til að draga úr neikvæðum áhrifum á ásýnd svæðisins. Stofnunin benti einnig á að forðast ætti að raska votlendi innan svæðisins. Í deiliskipulaginu er nú gerð nánari grein fyrir því hvernig ná á fram þessum markmiðum, s.s. hvað varðar efnisval og hönnun húsa. Þar er einnig fjallað um hvernig plöntun trjáa innan svæðisins skuli hagað en Náttúrufræðistofnun vill hvetja til þess að einungis verði heimilt að planta innlendum trjátegundum, s.s. birki, og þá notast við þá birkistofna sem vaxa á Vestfjörðum. Einnig ætti að leggja áherslu á að koma í veg fyrir dreifingu lúpínu innan svæðisins. Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni. | Orðalagi var breytt í greinargerð en þar stendur nú: "Mikil áhersla skal lögð á að halda jarðraski sem minnstu á svæðinu við framkvæmdir og sporna skal við því að alaskalúpína berist í jarðraskið sem verður." |

Umsagnir (7)

Umhverfisstofnun

Axel Benediktsson

UMSÖGN BIRT 26.04.2024

Takk fyrir erindið

Umhverfisstofnun bendir á að í 2. mgr. 68. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd kemur fram að leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum og á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laganna.

Umhverfisstofnun telur að svæðið sem deiliskipulagstillagan nær til sé hvorki á náttúruverndarsvæðum né á svæðum sem njóta sérstakrar verndar. Stofnunin áformar því að veita ekki umsögn varðandi tillöguna. Ef sveitarfélagið hefur athugasemd við afgreiðslu stofnunarinnar er hægt að koma því á framfæri með því að senda erindi á ust@ust.is


1

Minjastofnun Íslands

Lísabet Guðmundsdóttir

UMSÖGN BIRT 29.04.2024

Umsögn Minjastofnun Íslands: Sjá meðfylgjandi bréf.



2

Skógræktarfélag Ísafjarðar

Jóhann Birkir Helgason

UMSÖGN BIRT 29.04.2024


Skógræktarfélag Ísafjarðar fékk hluta svæðisins úthlutar undir skógrækt fyrir mörgum árum og hefur gróðursett í hluta svæðisins. Skipulagstillagan var tekin fyrir á fundi félagsins og gerir félagið ekki athugasemdir við tillöguna en telur eðlilegt að bætt verði fyrir þau tré sem verða felld vegna framkvæmdanna. Skógræktarfélag Ísafjarðar fagnar uppbyggingu á svæðinu.

3

Vegagerðin - Vestursvæði

Sigurður Friðgeir Friðriksson

UMSÖGN BIRT 30.04.2024

 Vegagerðin umsögn -
Dagverðardalur DSK Nr [↓](#)
861-2023.pdf

4

Náttúrustofa Vestfjarða

Hulda Birna Albertsdóttir

UMSÖGN BIRT 2.05.2024

Náttúrustofa Vestfjarða gerir ekki athugasemdir við frístundabyggð í Dagverðardal. Hins vegar viljum við benda á að á deiliskipulagssvæðinu er óraskað land sem hefur mikið gildi fyrir sumarhúsabyggð. Leggja ætti mikla áherslu á að halda jarðraski í lágmarki við framkvæmdir. Á svæðinu eru mólendi og graslendi sem vert er að halda í sem nánasta umhverfi sumarhúsa. Við bendum einnig á að við teljum mikilvægt er að reyna sporna við því að alaskalúpína berist í jarðrask til að komast hjá því að hún vaxi yfir núverandi gróður. Alaskalúpína er í nánasta umhverfi svæðisins og ef hún nær sér á skrið á svæðinu getur það orðið til þess að fjölbreytileiki gróðurs og vistgerða minnki á svæðinu.

5

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Hlynur Reynisson

UMSÖGN BIRT 3.05.2024

PDF umsögn-dagverðadalur24.pdf [↓](#)

6

Náttúrufræðistofnun Íslands

Borgný Katrínardóttir

UMSÖGN BIRT 3.05.2024

PDF NI_umsogn_Dagverdardalur.pdf [↓](#)

#7

Ísafjarðarbær
Stjórnsýsluhúsinu
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Vestfjarða www.minjastofnun.is Kennitala: 440113-0280

föstudagur, 22. mars 2024
M/202403-0110/ 6.09 / L.G.

Efni: Minjaverðir - umsögn um deiliskipulag Dagverðardals

Minjastofnun Íslands hefur móttekið erindi Ísafjarðarbæjar þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um deiliskipulag Dagverðardals í Skutulsfirði gegnum Skipulagsgátt. Þar var hægt að nálgast rafræn skipulagsgögn dagsett 14.11.2023.

Athugasemdir Minjastofnun Íslands

Samkvæmt fornleifaskráningu (Ragnar Edvardsson, 2024, *Fornleifaskráning í Dagverðardal vegna tilvonandi deiliskipulags*. Bolungarvík.) eru engar fornleifar eru á deiliskipulagsreitnum og hefur Minjastofnun Íslands engar athugasemdir.

Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Virðingarfyllt,
Lisabet Guðmundsdóttir
Minjavörður Vestfjarða

Vakin er atlygð á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 25., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnsýslustigi og ekki kaerulegar til aðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin atlygð á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðli máls óskað eftir skriflegum rökstæðingum stjórnsýsls fyrir ákvarðun haft slíkar rökstæðingar ekki fylgt ákvarðaninni þegar hún var tilkynnt. Bæði um rökstæðing fyrir ákvarðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvarðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún berst.

Lisabet
Guðmundsdóttir
Minjavörður Vestfjarða
lisabet@minjastofnun.is

Ísafjarðarbær

B.t. Guðmundur Rafn Kristjánsson
Stjórnsýsluhúsinu, Hafnarstæri 1,
400 Ísafjörður



**Efni: Fristundabyggð í Dagverðardal í Ísafjarðarbæ – deiliskipulagstillaga.
Mál nr. 861/2023**

Vísað er til erindis skipulagssviðs Ísafjarðarbæjar dags. 14.11.2023, þar sem óskað er umsagnar Vegagerðarinnar um ofangreinda tillögu. Vegagerðin hefur yfirfarið tillögu að deiliskipulagi, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 í samræmi við hlutverk stofnunarinnar og gerir ekki athugasemd.

Síða 1/1

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift
SIGURÐUR FRIÐGEIR

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS

Ísafjarðarbær
Hafnarstræti 1
400 ÍSAFJÖRDUR

Garðabær, 3. maí 2024
Málsnúmer: 202404-0047
BK

Efni: Fristundabyggð í Dagverðardal í Skutulsfirði - Nýtt deiliskipulag

Við er í tölvubréf frá Ísafjarðarbæ sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 18. apríl 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir fristundabyggð í Dagverðardal í Skutulsfirði. Deiliskipulagssvæðið liggur við rætur Hnífafjalls sem skilur að Dagverðardal og Tungudal í Skutulsfirði og er 8,2 ha að stærð.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn, dags. 5. desember 2023, um skipulagslýsingu sama máls. Þar sem líklegt er að mestu neikvæðu áhrifin af framkvæmdinni verði á landslag og ásjúnd þá ítrekaði stofnunin það sem fram kom í greinargerðinni um að allt rask verði lágmarkað og að hönnun húsa taki mið af því að falla sem best inn í umhverfið til að draga úr neikvæðum áhrifum á ásjúnd svæðisins. Stofnunin benti einnig á að forðast ætti að raska votlendi innan svæðisins.

Í deiliskipulaginu er nú gerð nánari grein fyrir því hvernig ná á fram þessum markmiðum, s.s. hvað varðar efnisval og hönnun húsa.

Þar er einnig fjallað um hvernig plöntun trjáa innan svæðisins skuli hagað en Náttúrufræðistofnun vill hvetja til þess að einungis verði heimilt að planta innlendum trjategundum, s.s. birki, og þá notast við þá birkistofna sem vaxa á Vestfjörðum. Einnig ætti að leggja áherslu á að koma í veg fyrir dreifingu lúpínu innan svæðisins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni.

Virðingarfyllt,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar



HE Heilbrigðiseftirlit
VF Vestfjarða

Aðalstræti 12, 415 Bolungarvík, s. 456-7087, www.hevf.is

Bolungarvík 3.mái 2024

Ísafjarðarbær
Guðmundur Rafn Kristjánsson
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Umsögn um deiliskipulagstillögu
Fristundabyggð í Dagverðardal í Ísafjarðarbæ

Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur yfirfarið ofangreinda tillögu að Fristundabyggð í Dagverðardal.

Ekki eru gerðar athugasemdir við ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllt



Hlynur Reynisson
Heilbrigðisfulltrúi